

Ed.

619. Nefndarállit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni virðist frv. þetta að visu vera óljóst orðað og ganga of skamt í því að tryggja greiðslu verkkaups og álitur, að mesta þörf sje á, að löggjöfin hjer að lútandi sje endurskoðuð og samræmd, en til þess er ekki nægur tími nú á þessu þingi. Þó að nefndin sje þannig ekki vel ánægð með frv., er þó ekki loku fyrir skotið, að það geti orðið að einhverju leyti til gagns, og vill hún því leggja til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Fyrri málsgreinin orðist þannig:

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, verslanir, byggingar, ístöku og útgerð, og enn fremur við fermingu og affermingu skipa og báta, skal greitt út verkkaupið vikulega, nema öðruvísi sje um samið.

Alþingi, 16. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson,
form., með fyrirvara.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrifari.

Jóhann P. Jósefsson,
frsm.